



Áfangalýsing ML

Titill:	Þroskasálfræði
Námsgrein:	sálfræði
Viðfangsefni:	þroskasálfræði
Skammstöfun:	SÁLF2PS05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	<p>Í þessum áfanga kynnumst við þroskasálfræðinni og sögu hennar, hugtökum, rannsóknaraðferðum og helstu álitamálum, t.d. hlut erfða og umhverfis við mótun einstaklinga. Fjallað verður um þroskaferil manneskjunnar allt frá fæðingu til grafar og mikilvægi líkamlegrar og andlegrar umönnunar og örvunar fyrir þroska barns.</p> <p>Sérstaklega er tekinn fyrir þroski tilfinninga, félagslegra samskipta, hugsunar og greindar. Áhersla er lögð á þroska sjálfsmyndarinnar og hvernig hún mótast með aldrinum. Einnig verður vikið að þroskahömlun og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Nemendur æfa sig í að skoða eigin þroska út frá mismunandi þroskakeningum og greina þá þætti sem hafa mótað þá í lífinu.</p> <p>Nemendur fá æfingu í að rökræða álitamál eins og barneignir táninga, fóstureyðingar eða starfslok. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina verða skoðuð og komið inn á vandamál barna og unglunga (t.d. geðræn, tilfinningaleg, líkamleg, náms- eða hegðunarvandamál). Viðfangsefnið geta verið breytileg og mótast af áhuga nemenda.</p>
Forkröfur:	SÁLF2IS05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• þroska mannsins út frá sálfræðinni• helstu hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar• framlagi þroskasálfræðinnar innan sálfræðinnar og til samfélagsins
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum• afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi• nýta fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli• miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti



Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• tengja kenningar og hugtök við eigin reynslu• greina áhrif þroska á líf sitt og annarra• setja sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og þroska• vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat• sýna frumkvæði að raunhæfum lausnum• beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám• meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt• taka þátt í rökræðum um málefni sem tengjast þroskasálfræðinni
Námsmat	Tilgreint í kennsluáætlun